



**259. Stjórnarfundur haldinn 13. des. 2005 kl:18:00**

**Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn og Bjarney.**

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Engar athugasemdir.

**2. Innkomin bréf.**

Bréf frá UMFÍ um samþykktir frá sambandsþinginu á Egilsstöðum og er verið að vekja athygli sambandsaðila á þeim tillögum sem höfða beint til sambandsaðila en það eru tillögur nr. 6, 10, 21, 23 og 28.

**3. Send bréf.**

Engin.

**4. Jólblað Keflavíkur.**

Jólblaðið er komið úr prentun og verður dreift næstu dag. Blaðið er glæsilegt að vanda og stækkaði um átta síður og er fjörtíu blaðsíður. Framkvæmdastjóra þakkað fyrir gott blað.

**5. Íþróttamenn Keflavíkur 2005.**

Farið yfir tilnefningar á íþróttamönnum deilda.

Sameiginlega niðurstaða aðalstjórnar liggur fyrir um íþróttamann Keflavíkur 2005.

Kjör á íþróttamanni Keflavíkur verður lýst í hófi þann 28. desember 2005 í félagsheimili okkar að Hringbraut 108 kl. 20:00. Hófið er opið öllum félagsmönnum og velunnurum Keflavíkur.

**6. Önnur mál.**

Einar og Kári skýrðu frá óhappi sem varð á æfingu fimleikadeildarinnar er stúlka handleggsbrotnaði. Ákveðið að skipa þau Birgir Ingibergsson, Bjarneyju S.

Snævarsdóttur og Svein Adolfsson til að móta vinnureglur fyrir þjálfara þegar slys verða á æfingum á vegum félagsins. Nefndin skili svo skýrslu til aðalstjórnar.

Fimleikadeild félagsins var með tuttugu ára afmælis sýningu á síðasta laugardag og í tilefni afmælisins þá færði formaður félagsins deildinni blómaskreytingu.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 20:00.

